

## Fundur í Nemendaráði 11. janúar 2021

Vegna gildandi takmarkana vegna farsóttar var fundurinn aðskilinn á milli hópa.

Fundur með fulltrúum 8. – 10. bekkjar kl. 8:20 í fundarherbergi. Mættir: Berglind Ýr, Stefanía, Hafþór, Ólafur Vignir og Rakel Ásta. Á fundinn vantaði Anton Teit.

Fundur með fulltrúum 5. – 7. bekkjar kl. 8:40 í náttúrufræðistofu. Mættir: Íris, Marteinn og Freyja Kolfinna.

Dagskrá fundar:

- Farið yfir fundargerð síðasta fundar.
- Gjafir frá Foreldrafélagi Leik og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar. **Nemendaráð vill koma á framfæri kærum þökkum fyrir góðar gjafir frá Foreldrafélaginu til nemenda skólans; teqballborð og þrjú borðspil.**
- Gildandi takmarkanir og áhrif á skólastarf, farið yfir helstu viðburði sem við getum ekki framkvæmt með hefðbundnum hætti s.s. skólabúðir, viðtalsdagur með foreldrum, sameiginlegt Þorrablót og hæfileikakeppni. Við reynum að finna önnur verkefni innan hópa til að mæta þessu.
- Önnur mál: Ennþá vesen með ávaxtastund á unglíngastigi. Umræður um fótboltavöllinn, smá núningur á milli yngsta og unglíngastigs í útinínámstíma á mánudögum og föstudögum. Stundum geta hóparnir spilað saman og stundum er ágreiningur. Ákveðið að skólastjóri skoði þessi mál.

Fundi slitið kl. 9:00